



Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

Reykjavík, 22. október 2020

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík

Útboð nr. 14995 DDI netumsjónarhugbúnaður

Þann 21. október 2020 voru opnuð tilboð í útboð nr. 14995 „DDI netumsjónarhugbúnaður“ og barst tilboð frá Men and Mice ehf.

Lægsta gilda tilboð var tilboð Men and Mice ehf., ISK 16.650.000,- án vsk.

DDI netumsjónarhugbúnaðinum er ætlað að vera stjórnborð fyrir DNS, DHCP og IP tölustjórnun fyrir Upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar. Sameining þessara þriggja eininga í eitt stjórnborð mun einfalda yfirsýn, daglegan rekstur og eftirlit fyrir netkerfi Reykjavíkurborgar.

Um ræðir áskriftarleyfi fyrir DDI netumsjónarhugbúnað ásamt þjónustu- og viðhaldsgjöldum til 5 ára. Heimilt er að framlengja samninginn um eitt ár tvísvar sinnum og er því hámarksgildistími samnings 7 ár.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lægst bjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lægst bjóðandi, Men and Mice ehf, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Men and Mice ehf. og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatæknipjónusta leggur til að gengið verði að tilboði Men and Mice ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsganga og er jafnframt lægsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatæknipjónustu Reykjavíkurborgar (UTR)

Tómas Guðmundsson
Tæknistjóri skýjalausna